

Því úrskurðast:

Kröfur verjanda ákærða um öflun framangreindra gagna verða ekki teknar til greina.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 43/1959. **Samvinnufélag Ísfirðinga**
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Bæjarsjóði Siglufjarðar
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, út gefinni 4. marz 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Áfrýjandi er samvinnufélag, sem um útsvarsskyldu og álagningu útsvars lýtur ákvæðum 6. gr. A, II, 2. töluliðar í lögum um útsvör nr. 66/1945. Í þessu máli koma því ekki til álita fyrirmæli laga nr. 59/1947 um breytingu á 8. gr. nefndra útsvarslaga, þar sem þau taka eingöngu til félags samkvæmt 6. gr. A, II, 1. töluliðar útsvarslaganna.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst, hvernig háttað var síldarverkun og síldarsölu áfrýjanda á Siglufirði árið 1956. Verður ekki talið, að atvinnurekstur þessi hafi verið annar eða meiri en átt er við í c-lið 1. töluliðar 9. gr. fyrrgreindra

útsvarslaga. Ber því þegar af þeirri ástæðu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarsjóður Siglufjarðar, greiði áfrýjanda, Samvinnufélagi Ísfirðinga, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Siglufjarðar 26. september 1958.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 22. sama mánaðar, hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Siglufjarðar, krafizt þess, að framkvæmt verði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar skuld við Siglufjarðarbæ vegna álagðs útsvars 1957, að fjárhæð kr. 22.000.00, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við innheimtuna, þar á meðal innheimtulauna, svo og öllum kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjað verði um framgang hinnar unbeðnu gerðar og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Undanfarin ár hefur Samvinnufélag Ísfirðinga, Ísafirði, sem skrásett er þar, rekið síldarsöltun hér á Siglufirði yfir sumarið, en félagið á hér söltunarstöð. Félagið mun aldrei hafa talið fram hér vegna þessarar starfsemi, en niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar mun einu sinni fyrir 1957 hafa lagt útsvar á félagið, en engin tilraun þá verið gerð til að innheimta útsvarið.

Sumarið 1956 hófst söltun síldar á söltunarstöð gerðarþola 5. júlí, og síðast var saltað á þessari stöð 24. júlí sama sumar. Afskipun saltsíldar til útflutnings frá stöðinni af framleiðslu ársins 1956 hófst 18. ágúst 1956 og lauk eigi fyrr en 30. marz 1957. Við niðurjöfnun útsvara á Siglufirði árið 1957 var lagt útsvar á síldarsöltun umrædds félags hér, kr. 22.000.00. Útsvarsskrá lá síðan frammi lögboðinn tíma. Álagning útsvarsins mun ekki hafa verið kærð, en greiðsluáskorunum var ekki sinnt, og urðu lyktir þær, að gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Siglufjarðar, krafðist þann

2. apríl 1958 lögtaks í eignum gerðarþola til tryggingar útsvarskuldinni auk vaxta og kostnaðar, eins og áður er lýst. Fasteignagjöld, kr. 6.518.00, sem gerðarþola var gert að greiða hér vegna eigna sinna hér fyrir sama ár (1957), greiddi hann hins vegar, áður en til lögtaks kom.

Kröfur sínar rökstyður gerðarbeiðandi með því, að augljóst sé, ef atvinnurekstur gerðarþola hér á Siglufirði 1956 sé athugaður, sé rétt að leggja hér útsvar á hann. Bendir hann á, að undirbúningur undir móttöku síldar hafi hafizt á söltunarstöð gerðarþola á svipuðum tíma og á öðrum söltunarstöðvum hér eða í maí eða byrjun júní, og fjarri hafi farið því, eftir að sjálfri söltun síldarinnar var lokið, að atvinnurekstrinum hér hafi verið þar með lokið; hafi þá verið eftir margra mánaða vinna við áþökkun, þæklun og umsöltun síldarinnar, en síldin hafi ekki verið fullunnin og söluhaf fyrir en eftir þessa meðferð. Telur gerðarbeiðandi, að atvinnurekstur gerðarþola vegna síldarsöltunar hér sumarið 1956 hafi staðið í um 7 mánuði. (Réttara virðist þó vera samkvæmt framlögðu vottorði síldarútvegsnefndar, að hann hafi staðið a. m. k. að einhverju leyti í um 10 mánuði, sé tekinn með sá tími, sem ætla má, að gengið hafi til að undirbúa söltunina).

Þá hefur gerðarbeiðandi staðhæft, að allan þenna tíma, þ. e. frá því í maí 1956 og fram um áramót eða lengur, hafi gerðarþoli haft í þjónustu sinni margt manna á síldarsöltunarstöðinni. Hafi starfsfólkið verið flest yfir sumarmánuðina, en umsöltun síldarinnar haustmánuðina hafi einnig krafizt margra starfsmanna. Hafi starfsmennirnir flestir verið hér búsettir, þar á meðal verkstjórinn, sem gegnt hafi því starfi um margra ára skeið, jafnframt því sem hann hafi umsjón með eignum gerðarþola hér þann tíma árs, sem síldarsöltun stendur ekki yfir.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar hefur gerðarþoli rökstutt með því, að ekki verði talið, að hann reki atvinnu á öðrum stað en Ísafirði í skilningi 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945. Hafi bátarnir, sem lögðu upp síld til söltunar á söltunarstöð hans á Siglufirði, verið gerðir út frá Ísafirði og nágrenni, þar séu skrifstofur þeirra, bókhald og fyrirsvar allt. Umsjón á söltunarstöð gerðarþola á Siglufirði segir hann vera í höndum manns frá Ísafirði, sem sendur sé til Siglufjarðar í því skyni.

Alla vinnu við síldarsöltunina, svo sem áþökkun, útskipun o. s. frv., segir gerðarþoli vera greidda samkvæmt ákvæðis- og tímavinnutöxtum verkalyðsfélaganna á Siglufirði, og varðandi verkstjóran og laun hans hefur gerðarþoli sérstaklega tekið fram,

að hann sé ekkj á föstum launum hjá honum (Samvinnufélagi Ísfirðinga), heldur fáji hann greitt viku- og tímakaup yfir þann tíma, sem unnið er að síldarverkun.

Rekstur söltunarstöðvarinnar hér á Siglufirði segir gerðarþoli hafa staðið aðeins mjög skamman tíma á ári hverju, og viðkomandi árinu 1956 hefur hann tekið fram, að undirbúningur undir síldarsöltun þetta ár hafi hafizt hjá gerðarþola síðustu dagana í júní og fyrsta söltun farið fram 5. júlí s. á., en hin síðasta 24. júlí, eins og áður er tekið fram.

Allri vinnu við áþökkun og „sorteringu“ síldarinnar á söltunarstöð gerðarþola hér segir hann hafa verið lokið í október 1956, og í lok október hafi verið afskipað af síldarframleiðslu sumarsins 3645 tunnum, en 1023 tunnum hafi verið afskipað á tímabilinu nóvember 1956—marz 1957.

Þá hefur gerðarþoli tekið fram, að hann telji rétt gerðarbeiðanda til að krefjast útsvars af gerðarþola eiga að fara eftir heimild C-liðar 9. gr. útsvarslaganna, enda telur hann auðvelt fyrir gerðarbeiðanda að gera kröfu til hluta af álögðu útsvari á gerðarþola á Ísafirði, þar sem lagt sé á hann útsvar, eftir því hvernig rekstur hans gangi hverju sinni, þar á meðal síldveiðar og síldarsöltun á Siglufirði.

Atriði það, sem ágreiningur gerðarbeiðanda og gerðarþola er risinn af, fer eftir ákvæðum 8. og 9. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör. Í upphafi 9. gr. segir, að þar í sveit skuli útsvar gjalda, sem það er á lagt, enda eigi hún allt útsvarið. Þó skuli skipta útsvari milli sveita, við vissar kringumstæður, sem nánar eru tilgreindar, þar á meðal ef gjaldandi hefur rekið t. d. síldarverkun utan heimilissveitar sinnar. Gæti að mati réttarins vel komið til álita að beita þessu ákvæði við útsvarsheimtu Siglufjarðarkaupstaðar á hendur gerðarþola vegna síldarverkunarstarfsemi hans á Siglufirði. Hins vegar telst með öllu ósannað, að gerðarþola hafi verið gert að greiða eða hann greitt nokkurt útsvar í heimilissveit sinni 1957, hvorki vegna síldarverkunar hans 1956 né annarrar starfsemi. Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda mótmælt því, að gerðarþoli hafi greitt útsvar í heimilissveit sinni af starfsemi þeirri, sem fram fór hér á Siglufirði á hans vegum 1956, og hefur umboðsmaður gerðarþola ekkj mótmælt þessari staðhæfingu gagnaðilja síns. Verður þegar af þessari ástæðu að telja útilokað, að skiptingarreglum 9. gr. útsvarslaganna verði beitt í þessu tilviki, en hins vegar talið einsýnt, að einhvers staðar beri gerðarþola að greiða útsvar af starfrækslu sinni hér sumarið 1956.

Í 8. gr. útsvarslaganna segir, að leggja skuli útsvar á gjaldþegn, þar sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Er enginn ágreiningur um það í máli þessu, að gjaldþegninn (gerðarþoli) hafði heimilisfang á Ísafirði næst á undan niðurjöfnun útsvara 1957.

Í 2. mgr. 8. gr. laganna segir einnig, að ef félag reki atvinnu í fleiri sveitum en einni, megi á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar séu, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefi. Enginn ágreiningur er heldur um það, að gerðarþoli hafi rekið atvinnu hér á Siglufirði sumarið 1956, enda er vitað, að gerðarþoli á fasteignir hér, sem hann rekur atvinnu á. Verður að telja eðlilegt og rétt, að gerðarþola beri samkvæmt þessu ákvæði að greiða útsvar af starfrækslu sinni hér á Siglufirði sumarið 1956, enda séu skiptingarreglur C-liðar 9. gr. útsvarslaganna taldar útilokaðar í þessu tilvikum af ástæðum, sem áður er lýst.

Samkvæmt framansögðu þykir því verða að heimila framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 2/1961. Sveitarstjóri Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins
gegn
Valgeiri Helgasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærnu 29. desember 1960, sem barst Hæstarétti 3. janúar s.l., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðar-ákvæði dóms, er upp var kveðinn í aukadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember s.l., en vitneskju um dóminn fékk hann 28. desember s.l., er honum barst endurrit dómsins.